

AUGLÝSING

um fyrirmæli landlæknis um frestun valkvæðra skurðaðgerða og annarra ífarandi aðgerða.

Með vísan til 1. mgr. 5. gr. laga nr. 41/2007, um landlækni og lýðheilsu, hefur heilbrigðisráðherra hinn 23. mars 2020 staðfest fyrirmæli landlæknis um frestun valkvæðra skurðaðgerða og annarra ífarandi aðgerða samkvæmt fylgiskjali með auglýsingu þessari.

Heilbrigðisráðuneytinu, 23. mars 2020.

Svandís Svavarsdóttir.

Ásta Valdimarsdóttir.

Fylgiskjal.

FYRIRMÆLI

landlæknis um frestun valkvæðra skurðaðgerða og annarra ífarandi aðgerða.

Á meðan faraldur COVID-19 geisar er brýnt að endurskipuleggja heilbrigðisþjónustu þannig að unnt sé að sinna sjúklingum með COVID-19 jafnframt því að veita aðra nauðsynlega heilbrigðisþjónustu. Forgangsröðun er því nauðsynleg og hafa nágrannaþjóðir gripið til þess ráðs í æ ríkari mæli.

Einn liður í þeirri forgangsröðun er að takmarka eins og kostur er mögulegar sjúkrahúsinnlagnir á næstu vikum og mánuðum. Landlæknir hefur því ákveðið, með vísan til 1. mgr. 5. gr. laga nr. 41/2007, um landlækni og lýðheilsu, að beina þeim fyrirmælum til viðkomandi heilbrigðisstofnana og heilbrigðisstarfsmanna að frá og með mánudeginum 23. mars nk. ef hægt er, og í síðasta lagi þriðjudaginn 24. mars til og með 31. maí 2020, skuli öllum svokölluðum valkvæðum skurðaðgerðum, öðrum ífarandi aðgerðum, t.d. greiningarrannsóknnum, sem og ekki brýnum tannlækningum hætt, hvort sem þær eru framkvæmdar innan eða utan spítala, af opinberum aðila eða einkaaðila. Þetta er gert í ljósi þess að slíkum aðgerðum, eins og annarri náinni umgengni, fylgir smithætta vegna COVID-19 auk þess sem hluti þessara aðgerða getur kallað á komur á bráðamóttöku og/eða sjúkrahúsinnlögn sem getur valdið enn frekara álagi á sjúkrahús en nú þegar er.

Landlæknir beinir þeim fyrirmælum til skurðlækna, annarra hlutaðeigandi lækna sem og tannlækna sem ákvörðun þessi tekur til, að þeir upplýsi skjólstæðinga sína og geri aðrar viðeigandi ráðstafanir eins fljótt og verða má. Þess skal þó gætt að brýnar skurðaðgerðir eða greiningarrannsóknir sem ekki þola bið umfram átta vikur verði framkvæmdar. Enn fremur að brýnni tannlæknaþjónustu verði sinnt. Ljóst er að upp kunna að koma vafatilfelli en landlæknir treystir á yfirvegað mat hlutaðeigandi sérfræðilæknis eða tannlæknis í hverju tilviki fyrir sig. Tilkynnt verður með góðum fyrirvara um hvenær hægt verður að hefja þessa starfsemi á ný. Ljóst er að þessi ráðstöfun mun kalla á víðtækt samráð hlutaðeigandi aðila og stjórnvalda í framhaldinu.